



Grein birt 22. desember 2011



Ásgerður Guðnadóttir

Samskipti og lýðræði í leik

Þróunarverkefni í leikskólanum Fífuborg um hlutverk starfsmanna í frjálsum leik

Grein þessi segir frá þróunarverkefninu *Samskipti og lýðræði í leik* í leikskólanum Fífuborg á árunum 2008 til 2011. Markmið verkefnisins var að auka þekkingu og skilning á hlutverki og framlagi starfsmanna meðan á leik barnanna stendur og greina hversu mikil áhrif börnin sjálf hafa á leikinn. Skoðuð var þátttaka og virkni starfsmanna á leiksvæðum og leitað eftir viðhorfum barnanna til leikskólastarfsins. Niðurstöður voru nýttar til að auka ábyrgð og lýðræðislega þátttöku barnanna í daglegu starfi.

Höfundur er aðstoðarleikskólustjóri í leikskólanum Fífuborg í Reykjavík.

Leikskólinn Fífuborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem 83 börn dvelja samtímis. Skólinn tók til starfa 18. janúar 1993. Unnið er samkvæmt lögum um leikskóla, *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) og *Námskrá Fífuborgar* sem kom fyrst út árið 2001 en hefur verið í stöðugri þróun síðan.

Aðalmarkmið Fífuborgar er að taka þátt í að móta sjálfstæða og virka einstaklinga sem eru færir um að velja og hafna í lífinu. Stuðst er við kenningar John Dewey og Jean Piaget. Lögð er áhersla á barnið sem skapandi, virkan og hugsandi einstakling sem læri

af eigin reynslu, virkni og áhuga. Litið er svo á að áhugi barnsins á viðfangsefninu sé forsenda þess að það nýtist því til náms. Samskipti fullorðinna og barna eiga að grundvallast á gagnkvæmni hvað snertir frumkvæði og ábyrgð. Þótt sá fullorðni sé leiðandi í starfseminni er besta skólaumhverfið það sem gefur barninu færi á að velja sjálft og ákveða. Starfsmenn tileinka sér samskiptaform sem felst í virkri hlustun og „ég-skilaboðum“. Þá er lögð áhersla á að starfsmenn líti á leikskólann sem eina heild og tileinki sér meðal annars samvinnu og samræmda starfshætti (Leikskólinn Fífuborg, e.d.).

Helsta leið Fífuborgar til að ná fram þessum markmiðum er að börnin fá að velja sér verkefni sjálf. Það er gert með því að bjóða upp á val á degi hverjum. Valið fer annars vegar fram inni á deildum og hins vegar í sérstökum val tímum þar sem öll börn sem náð hafa þriggja ára aldri velja samtímis og blandast saman á valsvæðum. Val þetta stendur yfir í 90 mínútur og geta börnin endurvalið tvisvar sinnum á þessu tímabili (Leikskólinn Fífuborg, e.d.).

Hlutverk fullorðinna í leik barna

Í *Aðalnámskrá leikskóla* stendur að leikskólakennarar eigi að fylgjast vel með leiknum og vera ávallt reiðubúnir að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnanna. Þannig kynnist þeir börnunum betur og geti áttað sig á hvað leikurinn kann að endurspeglar (Menntamálaráðuneytið, 1999). Má nefna að börn sem eru óróleg og halda illa einbeitingu í skipulögðum stundum geta átt góðan leik með fulla athygli þegar þau leika frjálst (Van Hoorn, Nourot, Scales og Alward, 2007).

Þá er leikurinn ekki síður mikilvægur þar sem hann gefur leikskólakennurunum færi á að fylgjast með börnunum því í leiknum endurspeglar áhugasvið þeirra, hugmyndir og færni (Pound, 2005). Sumir tala jafnvel um að í frjálsa leiknum séu börnin að kanna hver þau eru og finna út hvernig manneskjur þau komi til með að verða (Broadhead, 2004). Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur einnig fram að leikskólakennarar þurfi að ætla sér tíma til uppeldislegra athugana og skráningar á atferli barns, bæði þegar það leikur eitt og þegar það á í samskiptum við önnur börn (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Rannsóknir sýna að þar sem fullorðnir halda sig til hlés og blanda sér helst ekki í leik barna nema til að skakka leikinn eða koma með uppeldislegar ábendingar standi leikurinn mun skemur en þar sem sá fullorðni er virkur þátttakandi eða áhorfandi að leiknum. Þó er línan á milli þess að örva leikinn og taka stjórnina hárfín og verður sá fullorðni að varast að taka alveg yfir stjórnina í leiknum. Leikskólakennarinn þarf því að vera á staðnum, taka þátt í leiknum ef honum sýnist þörf á því eða vera virkur áhorfandi sem veit hvað er í gangi og getur blandað sér í leikinn ef upp koma vandamál. Það eykur líkurnar til muna á að leikurinn fari farsælega fram, að allir uni sáttir við sitt og leikurinn endist í lengri tíma (Knutsdóttir Olofsson, 1990). Van Hoorn o.fl. (2007) taka undir þetta þar sem þau tala um að oft sé ærslaleikur (sérstaklega stráka) brotinn upp af hinum fullorðnu af því að þeir túlki slíka leiki sem slagsmál. Oftast séu þó óskrifaðar reglur í leiknum sem sá fullorðni myndi ef til vill veita eftirtekt ef hann staldraði við og fylgdist með leik barnanna áður en hann skerist í leikinn.

Emilsson og Folkesson (2006) tala um að börnin verði að vera þátttakendur í leiknum til að upplifa lýðræði. Í lýðræði felst að börnin geti verið þátttakendur á eigin forsendum, að þau finni að þau geti haft áhrif á gang mála. Séu þau þátttakendur þá nái þau að þróa með sér lýðræðisleg vinnubrögð. Til þess að það geti gerst þurfa kennarar að skapa réttu skilyrðin og geta leitt leikinn áfram með opnum spurningum, varast að taka stjórnina og að sjálf-sögðu að vera viðbúnir því að leikurinn leiðist í allt aðra átt en þeir höfðu séð fyrir. Til að börn tileinki sér lýðræðislega hugsun þurfa þau að læra tiltekin gildi og þau þurfa þeir fullorðnu að kenna þeim með nærveru sinni (Emilsson og Folkesson, 2006). Í góðum leik eru

allir virkir og jafnráðandi og skoðanir allra eru virtar. Börnin skiptast á að vera í aðalhlutverki og passað er upp á að allir fái að koma að því einhvers staðar á leiktímanum nema sátt sé um að einhver eða einhverjir ákveðnir séu í því hlutverki allan tímann. Í leikjum þar sem reglur eru gefnar fyrir fram, eins og t.d. í eltingaleik, er mikilvægt að öll börnin séu með reglurnar á hreinu og þar verður sá fullorðni að útskýra þær (Knutsdotter Olofsson, 1990).

Börn þurfa fyrirmyndir í leiknum, þau þurfa að þekkja leikmerkin, hvenær leikið er í þykj-ustunni og hvenær í alvörunni. Sá fullorðni þarf að kenna börnunum þetta. Með tónfalli og svipbrigðum leiðir hann samskipti barnanna inn og út úr í leiknum. Börnin þurfa að vera sammála um hvaða leik þau eru að leika. Þegar um ung börn er að ræða verður að hafa í huga að ekki þýðir að kenna þeim að leika athafnir sem þau þekkja ekki. Til dæmis segjum við ekki barni að það þurfi að telja upp að tuttugu áður en það fer að elta hin börnin í eltingaleik ef það kann bara að telja upp að fimm. Barn getur ekki leikið gleði eða sorg í hlutverkaleik ef það veit ekki hvað er að vera sorgmæddur eða glaður (Knutsdotter Olofsson, 1990).

Haustið 2008 ákvað starfsfólk Fífuborgar að fara af stað með þróunarverkefni með það að markmiði að skoða hlutverk starfsmanna í frjálsum leik barnanna. Frjáls leikur í leikskólanum fer aðallega fram á valsvæðum inni og úti en einnig inni á deildum utan valtíma. Á valsvæðum velja börnin sér ákveðin viðfangsefni eftir svæðum. Þau geta meðal annars valið sér hlutverkaleik, einingakubba, vísindasvæði, útiveru og listaskála. Áhersla er lögð á að börnin séu ekki eftirlitslaus og ávallt í návist fullorðinna í leik sínum. Sá fullorðni er þannig til staðar til að örva leikinn, grípa inn í, leiðbeina, veita öryggi og taka þátt, allt eftir aðstæðum hverju sinni (Leikskólinn Fífuborg, e.d.). Viðfangsefnið var valið af því að við vildum athuga ástæðuna fyrir því að börnin stöldruðu við í mislangan tíma í leiknum. Við veltum því m.a. fyrir okkur hvort þetta færi eftir starfsmönnum, leikefninu, jafnvel leikfélögunum eða samsetningu barnahópsins. Velja börnin sjálf hvað þau gera í leiknum? Fer fullorðna fólkinn inn í leik barnanna á réttum forsendum, þ.e. veit það alltaf hvað á undan er gengið? Einnig vildum við fá frekari innsýn í hlutverk starfsmanna þegar börnin voru í frjálsum leik. Var meiri leikur í gangi þar sem starfsmenn voru virkir þátttakendur heldur en þar sem þeir voru stjórnendur, áhorfendur eða jafnvel ekki að fylgjast með börnunum? Tilfinning okkar var að nöfn sumra barna heyrðust oftast en önnur. Það voru þá yfirleitt nöfn þeirra barna sem þurfti að hafa neikvæð afskipti af vegna óæskilegrar hegðunar og voru nöfn þeirra þá kölluð yfir allan hópinn. Við veltum því fyrir okkur hvort ekki væri hægt að breyta því.

Þau markmið sem byggt var á í upphafi voru því að

- auka skilning og vitund starfsmanna um að nám í leikskóla fer fram í gegnum leik,
- fá innsýn í hlutverk og virkni starfsmanna meðan á leik barnanna stendur,
- greina hversu mikil áhrif börnin sjálf hafa á leikinn.

Með hliðsjón af þessum markmiðum voru eftirfarandi spurningar settar fram:

- Eru starfsmenn virkir þátttakendur í leik barnanna?
- Hvar eru starfsmennirnir þegar börnin eru í frjálsum leik?
- Á hvern hátt koma starfsmenn inn í leikinn þegar þörf krefur?
- Hvernig bregðast starfsmenn við ef og þegar ágreiningur kemur upp milli barna, t.d. átök vegna leikfangs?
- Hversu fljótir eru starfsmenn að grípa inn í og aðstoða þegar börnin þurfa að komast yfir hindranir?

Áður en byrjað var á verkefninu var ákveðið að gefa sér góðan tíma í það og fyrir séð var að það myndi taka tvö til þrjú ár. Fyrsta árið átti að fara í fræðslu, ígrundun og mat, annað árið í að framkvæma breytingar og þriðja árið var ætlunin að festa breytingarnar í sessi. Sótt var til Kennarasambands Íslands um þróunarstyrk sem nýttist vel.

Fyrsta árið fór að mestu í fræðslu um leik og samskipti og áhrif fullorðinna á hann en einnig voru fengnir utanaðkomandi fyrirlesarar. Sigríður Síta Pétursdóttir og Sigrún Einarsdóttir fjölluðu um samskipti og umhyggju, meðal annars um að hlýja, traust, öryggi og umhyggja fyrir einstaklingnum skipti máli fyrir framgang barnsins ásamt mikilvægi umhyggju í leikskólastarfi. Þær ræddu um þýðingu þess að starfsfólk legði sig fram um að eiga samskipti við öll börn á hverjum degi. Einnig að börnunum væri leyft að kljást og takast á í samskiptum sín á milli og leysa málin sjálf. Með því að bera umhyggju fyrir börnum og sýna þeim hana verða þau sterkir, sjálfstæðir einstaklingar.

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir fjallaði um gildi snertingar í samskiptum og þá jákvæðu reynslu sem hún hafði af því að nota snertingu markvisst í samskiptum sínum við börn með hegðunarvandkvæði. Með því að nota markvisst snertingu, í stað munnlegra skilaboða, sagði hún hegðun þeirra hafa breyst til batnaðar. Í gegnum snertingu skapast traust og öryggi í samskiptum sem stuðlað geti að jákvæðari sjálfsmynd barnanna. Einnig telur hún að markviss snerting í samskiptum við börn stuðli að aukinni virðingu, samkennd og umburðarlyndi, bæði á milli barna og fullorðinna og á milli barna.

Seinasta árið fóru starfsmenn í námsferð til Akureyrar og skoðuðu leikskóla sem leggja áherslu á lýðræði og samskipti með þróunarverkefnið í huga.



Greining á stöðu í upphafi

Innra mat var unnið allan tímann meðan á verkefninu stóð. Það fólst í jafningjamati og þátttökumati sem fór aðallega fram í umræðum á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Þá mátaði starfsfólk sig við þær hugmyndir sem hópurinn var búinn að ræða. Gerð var tilraun með jafningjamat sem byggðist á því að starfsmenn pörðu sig saman og tóku starfshætti hvors annars upp á myndband. Þeir skoðuðu upptökurnar saman og skráðu það sem vel hafði tekist.

Rætt var við börn í leikskólanum á aldrinum þriggja til sex ára um hvert þeim fyndist vera hlutverk starfsfólks þegar þau væru að leika sér, hvað væri skemmtilegt og hvað væri

leiðinlegt að gera í leikskólanum og hverju þau réðu í leikskólanum. Þetta var gert í byrjun verkefnisins og svo aftur í lok annars ársins.

Starfsfólk var með bækur þar sem það skráði hugleiðingar sínar um samskipti sín við börnin og eins samskipti barnanna á milli. Einnig voru skráðar upplýsingar um jafningjamatið.

Þá fengum við utanaðkomandi aðila til að fylgjast með leiknum í valttíma.

Niðurstöður

Niðurstöður innra og ytra mats starfsmanna:

- Jafningjamatið gekk frekar brösuglega. Fólk truflaðist af myndbandsupptöku vélinni og fannst óþægilegt að horfa á sjálft sig og einnig reyndist erfitt að finna tíma til að vinna úr upptökum. Starfsmenn töluðu þó um að þetta hefði gert þá meðvitaðri um hlutverk sitt og annarra á deildinni. Því miður lagðist jafningjamatið af í kjölfar þess að vélinni var stolið.
- Dagbókarskrifin reyndust sumum vel en öðrum ekki. Mismunandi var hvað fólk lagði sig fram um að skrá í bækur sínar en það hjálpaði þó einhverjum að skrá niður hugrenningar sínar sem leiddi til þess að fólk gerði sér betur grein fyrir hvað það var að gera rétt og hvað rangt í samskiptum sínum við börnin.
- Fræðsla og umræður hafa verið afar gagnlegar. Það sem hefur gagnast best er annars vegar fræðsla sem við fengum á fundum og skipulagsdögum og hins vegar umræður milli starfsmanna.
- Nauðsynlegt var að fá utanaðkomandi aðila til að fylgjast með og greina þátttöku starfsmanna í leik barnanna. Niðurstöður þess voru að flestir starfsmenn voru virkir en þó kom í ljós að á tveimur svæðum í valinu voru starfsmenn óvirkir og virtust hafa lítinn áhuga á að vera á viðkomandi svæðum. Þar voru börnin líka frekar óvirk og festust ekki í leik. Því veltum við fyrir okkur hvort það þyrfti að horfa meira til áhuga og mannauðs þegar fólki væri raðað á svæði. Það urðu miklar umræður í hópnum um það mál og voru skoðanir afar mismunandi. Niðurstöður urðu þær að ákveðið var að starfsmenn héldu áfram að fara á öll svæði en eins og einn starfsmaður sagði: „Ég held jafnvel að persóna og áhugi eða áhugalessi almennt skipti jafnvel meira máli en það að við höfum mismikinn áhuga á svæðum. Ég held til dæmis að ég vinni svipað á öllum svæðum þó einhver smámunur sé eftir því hversu skemmtilegt mér finnst á þeim. Ég reyni að leggja mig eins fram hvar sem ég er.“

Niðurstöður byggðar á viðtölum við börnin:

- Eftir að rætt hafði verið við börnin í fyrra skiptið kom í ljós að þeim fannst þau ráða í leiknum í valinu en ekki í öðru skipulagi, þ.e. frjálsum leik á öðrum tíma. Þetta kom starfsfólki nokkuð á óvart þar sem við töldum að ef börnin réðu einhvers staðar þá væri það í frjálsum leik inni á deildum. Þegar þetta var rætt frekar við börnin kom í ljós að það sem þau áttu við var að þau réðu ekki viðfangsefnunum því leikskólakennarinn var oftast búinn að ákveða hvað þau gætu valið um (nokkur viðfangsefni). Þetta var tekið fyrir á fundi og ákveðið að börnin myndu skiptast á að velja hvaða viðfangsefni yrðu í boði á deildinni. Skráð yrði hvaða viðfangsefni barn velur hverju sinni til að tryggja að allir fengu að velja. Síðar

Þegar kannað var viðhorf barnanna til þess hverju þau fengju að ráða kom í ljós að þau töldu flest að þau réðu þegar þau léku sér.

- Í viðtölum við börnin kom fram að hlutverk starfsfólks væri að passa börnin, passa að þau meiddu sig ekki eða hvert annað og að allir færu eftir reglum. Börnin sögðu að þau vildu heldur leika sér ein án hinna fullorðnu en samt væri skemmtilegt þegar fullorðnir væru með. Við veltum því fyrir okkur hvort það hafi verið af kurteisri við spyrjanda! Ágætt dæmi sem styður þetta er þegar starfsmaður spurði hvort hann mætti vera með í hlutverkaleik og svarið var stutt og laggott: „Þú ert amman og hún er dauð!“
- Börnin töluðu um að það væri leiðinlegast að sitja kyrr í samverustundum og flestum fannst skemmtilegast að leika úti og vera í salnum.

Af þessum niðurstöðum má draga þær ályktanir að börnin vilja hafa starfsmenn nálægt sér þegar þau eru að leika en að það sé ekki endilega hlutverk starfsmannsins að leika með þeim heldur sinna því sem kemur upp, t.d. ef einhver meiðir sig eða er skilinn út undan.

Eftir umræður ákvað starfsmannahópurinn að leggja áherslu á aukið lýðræði og tengja það við 12. grein Barnasáttmálans í samskiptum sínum við börnin en þar kemur meðal annars fram að börn eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum er varða þau og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska (Barnasáttmálinn, 1989). Við höfum velt fyrir okkur hlutverki starfsmanna í leik út frá lýðræði og hvernig við getum kennt barni að þróa með sér lýðræðislega hugsun. Er mögulegt að gera það í gegnum leik? Einnig var velt upp spurningu um hvort hlustað væri á börnin og hvað þau vildu, ásamt möguleikum þeirra á að taka þátt í ákvörðunum sem varða daglegt starf þeirra í leikskólanum.

Áherslur síðasta árið

Síðasta árið hefur verið lögð áhersla á eftirfarandi atriði.


Aukin lýðræðisleg vinnubrögð í öllum þáttum starfsins

Dæmi um lýðræðisleg vinnubrögð er að við höfum fengið börnin til að velja hvað er í matinn einu sinni í mánuði. Það gera þau með því að segja hvert og eitt hvað þau vilja helst hafa í matinn og það er skrifað á töflu. Síðan er kosning um þrjár tegundir (þær sem eru oftast nefndar) og það sem flestir kjósa verður fyrir valinu. Rætt hefur verið um að nota myndir af máltíðunum til hjálpar næsta vetur. Börnin kjósa um fleira, t.d. nöfn á hópum sem þau eru í, hvað á að bjóða upp á í deildarvali og hvert á að fara í gönguferðir. Í fyrstu gekk þetta misjafnlega vel og mörgum börnum fannst erfitt að lúta meirihlutanum þegar þau voru ekki á sömu skoðun. Smám saman hafa börnin áttað sig á því hvað felst í því að kjósa og að þeirra skoðun geti allt eins átt upp á pallborðið í næstu kosningu.

Aðferðir sem ýta undir ábyrgð

Lýðræði fylgir ábyrgð. Ákveðið var að hafa átaksvikur í að ganga um en ekki hlaupa á göngum leikskólans. Börnin voru fengin til að koma með hugmyndir að því hvað væri hægt að gera til að minna alla á að ganga. Það stóð ekki á hugmyndum barnanna og meðal þess sem þau bjuggu til var skilti sem á stóð *Við göngum á göngunum en hlaupum ekki* til að minna alla á að ganga. Eins voru þau mjög dugleg að minna bæði foreldra og starfsfólk á að hlaupa ekki á göngunum.

Ábyrgðarhlutverk barnanna eru sett upp myndrænt í byrjun hvorrar viku. Þessi hlutverk eru meðal annars að tæma endurvinnslukassann og fara yfir garðinn með starfsmanni, vera sápuvörður, umsjónarmaður sem leggur á borð fyrir máltíðir, bókavörður og fleira.



Þátttaka barnanna í mati

Enn meiri áhersla hefur verið lögð á að börnin taki þátt í mati á leikskólastarfinu. Þau hafa m.a. komið að því að meta valsvæðin, litavikur og ýmsa árvissa atburði sem starfsmenn hafa hingað til metið einir. Við höfum farið yfir leikföngin með börnunum og fengið þeirra sjónarhorn á hvaða leikefni eigi að bjóða upp á, hvað þeim finnst skemmtilegt og hvað leiðinlegt svo eitthvað sé nefnt. Á yngstu deildunum hefur verið notast við myndir af viðfangsefnum þannig að börnin geti sagt til um hvað þeim þykir skemmtilegt og hvað leiðinlegt.



Aðferðir sem ýta undir ábyrgð.

Deild með 3ja ára börn

Deild með 5 ára börn

Það sem verkefnið hefur leitt af sér

Virðing fyrir skoðunum barnanna

Við notum mikið opnar spurningar til að fá börnin til að hugsa í lausnum. Dæmi um það er klæðnaður í útiveru. Áður en börnin fara út höfum við umræður á deildum um hvernig veðrið sé í dag og viðeigandi klæðnað. Þegar komið er í fataklefan spyrja starfsmenn börnin hvernig þau telji að best sé að klæða sig. Þannig setjum við ábyrgðina í hendur barnanna. Þau ákveða hvernig þau fara klædd út og bera ábyrgð á því. Oft verða skemmtilegar rökræður í fataklefanum þegar starfsmanni finnst barn vera fáklætt og vill fá það til að klæða sig betur. Börnin eru snjöll að koma með rök fyrir klæðnaði sínum en þau eru líka dugleg að koma inn og sækja sér viðeigandi föt ef það er kalt eða blautt. Þetta hefur leitt til þess að allir fara sáttir út, klæddir því sem þeim líður vel í og börnin finna sjálf út hvernig sé best að klæða sig. Yngstu börnin taka ekki þátt í þessu en þar reyna starfsmenn að vera enn meðvitaðri en áður að „lesa“ í börnin með klæðnað.

Snerting

Í stað þess að kalla nafn barns yfir hópinn þegar stöðva þarf ákveðna hegðun eða athöfn, ganga starfsmenn að viðkomandi barni, leggja hönd á öxl þess og ræða rólega við það. Við matarborðið reyna starfsmenn að ganga á milli barnanna og snerta þau á bak eða axlir áður en þeir setjast til borðs með þeim. Þetta hefur orðið til þess að börnin eru nú mun rólegri í matmálstímanum. Börn sem eiga í erfiðleikum vegna hegðunarvandkvæða eru tekin í fang og þeim sýnd alúð á meðan rætt er við þau í stað þess að áminna þau með hrópum. Þetta hefur leitt til þess að meiri ró er í leikskólanum en áður og börnin yfirvegaðri ásamt því að starfsmenn hafa tamið sér að lækka róminn.



Umhyggja

Við höfum hvatt börnin til að hugga hvert annað í stað þess að fara strax til starfsmanns eða standa aðgerðarlaus hjá þar til starfsmaður kemur og grípur inn í. Eldri börnin hjálpa þeim yngri að klæða sig í fataklefa og þau getumeiri aðstoða þau getuminni. Á íþróttadegi hjálpa elstu börnin þeim yngstu á stöðvum.

Aukin færni í samskiptum og leik

Við teljum okkur sjá breytingar hjá börnunum hvað varðar færni í hlutverkaleik. Við höfum reynt að finna leiðir og aðstoða börnin á lýðræðislegan hátt til að komast inn í leik á eigin

forsendum. Það má ekki gleyma að virða rétt þeirra sem eru fyrir í leiknum, ekki ætlast til að fleiri komi inn í leikinn ef börnin sem fyrir eru ekki tilbúin til þess. Okkar mat er að mikil framför hafi orðið hjá börnunum hvað varðar úthald í leik, samskipti þeirra á milli ganga betur og þau leita minna til okkar ef upp koma árekstrar. Þetta á líka við um yngri börnin, þau una sér betur.

Starfsmenn eru orðnir meðvitaðri um samskipti og mikilvægi þeirra. Má nefna að veita börnunum tækifæri til að leysa sjálf deilur og ýmis vandamál sem koma upp í daglegu lífi. Þetta hefur orðið til þess að minna er um klögumál milli barnanna. Starfsmenn á yngstu deildinni eru meðvitaðri en áður um að láta börnin reyna sjálf á líkamlega getu sína, t.d. að komast yfir hindranir, þá eru þau hvött áfram í stað þess að lyfta þeim af því að þau „séu svo lítil“.

Virkni starfsmanna

Áður var það ákveðið vandamál að starfsmenn voru að spjalla saman milli svæða á meðan börnin voru að leik. Nú er þetta breytt og starfsmenn eru til staðar, fylgjast með og sinna börnunum og leik þeirra mun betur. Þannig hafa þeir betri möguleika til að grípa inn í leikinn á forsendum barnanna og geta tekið á málum á réttlátan hátt. Verkefnið hefur því styrkt starfsmenn og aukið virkni þeirra. Einn starfsmaður komst svo að orði um þetta: *Það dugar oft að vera hjá og sýna börnunum að maður sé að fylgjast með, því þau vita, jú, oft hvernig á að leysa málin en þurfa bara stuðning og staðfestingu.*

Að verki loknu

Að vinna að þróunarverkefni er einstaklega gefandi og skemmtilegt en jafnframt mikil vinna. Það þyrfti að vera hluti af menningu leikskólans og þannig hluti af hinu daglega starfi. Í þessu tilviki teljum við að það hafi heppnast þar sem starfsmenn eru orðnir meðvitaðri um hlutverk sitt. Það hefur leitt til þess að leikurinn og kennslan í gegnum leikinn verður markvissari, t.d. þegar verið er að vinna með einingakubba. Starfsmenn eru meðvitaðri um mikilvægi leiksins og að í honum eigi sér stað nám, en ekki bara að börnin séu að leika sér. Lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð í öllu starfi, sérstaklega eftir því sem liðið hefur á verkefnið. Við sjáum aukna færni í samskiptum milli barnanna og þau sýna hvert öðru meiri umhyggju og hjálpsemi. Við verðum vör við aukna virðingu starfsmanna fyrir skoðunum barnanna og starfið hefur verið þróað með hliðsjón af því. Það er því margt sem hefur áunnist í leikskólastarfinu í Fífuborg og nú er bara að halda áfram.

Þegar við byrjuðum á verkefninu fyrir þremur árum óraði okkur ekki fyrir því að það myndi leiða til þess að við færum að rýna í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Sú er þó reyndin og er ætlunin að rýna enn frekar í hann og taka fyrir fleiri greinar hans. Hvert sú vinna leiðir okkur er óljóst en spennandi engu að síður. Sjaldan er unnt að sjá fyrir til hvers þróun í skólastarfi leiðir en það er það sem gerir starfið skemmtilegt og lifandi.

Heimildir

Barnasáttmálinn. 1989. Sótt 24. ágúst 2011 af <http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Broadhead, P. (2004). *Early years play and learning: developing social skills and cooperation*. London: RoutledgeFalmer.

Emilsson, A. og Folkesson, A. (2006). Children's participation and teacher control. *Early Child Development and Care*, 176(3), 219–238.

Knutsdóttir Olofsson, B. (1990). *Leg for livet*. Stokkhólmur: Forlaget Børn og unge.

Leikskólinn Fífuborg. (e.d.). *Námskrá Fífuborgar*. Sótt 21. janúar 2011 af http://fifuborg.is/index.php?option=com_content&view=article&id=92&Itemid=96

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Pound, L. (2005). *Practical pre-school. How children learn*. London: Step Forward Publishing.

Van Hoorn, J., Nourot, P. M., Scales, B. og Alward, K. R. (2007). *Play at the center of the curriculum* (4. útg.). New Jersey: Pearson.



Ásgerður Guðnadóttir. (2011).

Samskipti og lýðræði í leik: Þróunarverkefni í leikskólanum Fífuborg um hlutverk starfsmanna í frjálsum leik.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/006.pdf>